



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Alþingi
Erindi nr. P 127/927
komudagur 27.2.2002

Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis
b.t. Nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi 19. febrúar 2002
32/199/SS/ajr

Umsögn Læknafélags Íslands um frumvarp til breytinga lögum um almannatryggingar 359. mál.

Tekjuhugtak, bótaútreikningur o.fl.

Í frumvarpinu felast mikilvægar réttarbætur á sviði almannatrygginga, félagslegrar aðstoðar o.fl. og virðist að flestu leyti vel úr garði gert.

Læknafélag Íslands gerir athugasemdir við eftirfarandi ákvæði frumvarpsins og tillögur til úrbóta, þar sem það á við.

I. Breyting á lögum um almannatryggingar nr. 117/1993 með síðari breytingum.

1.

Athugasemdir við 14. gr. frumvarpsins, til breytinga á 33. gr.:

Þar er lagt til að lögfest verði heimild til að veita styrk vegna kostnaðar af meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum.

Í greinargerð með ákvæðinu segir að hér sé lagt til að ákvæði í reglugerð nr. 660/1998 um þetta efni verði felld inn í lög. Ekki sé um efnisbreytingu að ræða.

Í greindri reglugerð segir hins vegar :

1. gr. Á sérstökum göngudeildum, sem viðurkenndar eru af heilbrigðisráðuneytinu, má veita sjúklingum með hvers konar húðsjúkdóma viðeigandi meðferð samkvæmt fyrirmælum læknis, sérfræðings í húðsjúkdómum, þar sem því verður við komið. Að meðferðinni starfi hjúkrunarfræðingur eða annað heilbrigðisstarfsfólk, sem ráðu-neytið telur hafa næga kunnáttu til starfans.

2. gr. Tryggingastofnun ríkisins skal greiða fyrir meðferð, sem um ræðir í 1. gr., samkvæmt gjaldskrá, sem ráðuneytið setur. Í gjaldskránni má ákveða að sjúklingur greiði tiltekinn hluta af kostnaði við meðferð.

Því er lagt til að lagatextinn verði orðaður með þessum hætti:” Að veita styrk vegna kostnaðar af meðferð húðsjúkdóma, veitta af öðrum en læknum en samkvæmt fyrirmælum læknis.”

2.

Athugasemd við 15. gr. frumvarpsins til breytinga á i. lið 1. mgr. 36. gr. laganna :

Þar segir í b) lið að við bætist nýr málslíður, 6. málsl., svohljóðandi: Sé nauðsyn á fylgd heilbrigðisstarfsmanns skal greiða fargjald hans og þóknun, ef við á, samkvæmt reglugerð er ráðherra setur.

Lagaheimildar er þörf um þessi atvik. Óeðlilegt er hins vegar að kveða á um það í lögum, að ráðherra ákveði einhliða með reglugerð þóknun viðkomandi heilbrigðisstarfsmanns án skyldu til samráðs við lækna/samtök lækna þegar læknir á í hlut eða umsagnar læknasamtakanna m.t.t. sanngjarns endurgjalds fyrir þessa þjónustu.

Er því lagt til að ákvæðið hljóði svo “ Sé nauðsyn á fylgd heilbrigðisstarfsmanns skal greiða fargjald hans og þóknun samkvæmt reikningi, ef við á.” Í greinargerð má taka fram að reikningur þurfi að styðjast við samning sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanns um greiðsluþátttöku almannatrygginga vegna heilbrigðisþjónustu eigi það við. Eða kveða á um það í ákvæðinu þannig ““Sé nauðsyn á fylgd heilbrigðisstarfsmanns skal greiða fargjald hans og þóknun samkvæmt reikningi á grundvelli samnings um greiðslu almannatrygginga vegna heilbrigðisþjónustu, eigi það við””.

II. Breyting á lögum um heilbrigðisþjónustu, nr. 97/1990, með síðari breytingum.

1.

32. gr. frumvarpsins,- þar sem gert er ráð fyrir þremur nýjum málsgreinum í stað 2. mgr. 20. gr. laga um heilbrigðisþjónustu.

Í greinargerð með þessu ákvæði segir, að hér séu felld inn í lögina nokkur ákvæði reglugerðar nr. 68/1996 með síðari breytingum um hlutdeild sjúkratryggðra í kostnaði vegna heilbrigðisþjónustu.


Hér er í 1. mgr. kveðið á um þjónustugjöld án þess að skilgreint sé um hvaða gjöld geti verið að ræða. Í 2. mgr. 20. gr. laganna er nú kveðið á um gjaldskrá ráðherra fyrir veitta þjónustu heilsugæslustöðva. Í frumvarpinu, sem hér er til meðferðar er lagt til orðalagið sbr. 1. mgr. “ Sjúkratryggður einstaklingur samkvæmt lögum um almannatryggingar skal greiða gjald til heilsugæslustöðvar fyrir þjónustu á heilsugæslustöð í samræmi við gjaldskrá er ráðherra setur..”

Sé hér átt við gjöld fyrir læknisvottorð, svo sem löglaus breyting á 10. gr. reglugerðar nr. 68/1996 hljóðaði með reglugerð nr. 953/2001, þar sem sagði að gjöld fyrir þargreind vottorð skuli renna til stofnana, - þá skal upplýst að um þessar mundir fjallar kjaranefnd um gjaldtöku lækna á heilsugæslustöðvum fyrir læknisvottorð skv. ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 68/1996 b.- d. lið og má vænta úrlausnar um þá gjaldtöku innan tíðar.

Ennfremur skal upplýst að samtök lækna munu leita eftir samningum við samninganefnd um samninga sjálfstætt starfandi heilbrigðisstarfsmanna um greiðsluþátttöku almannatrygginga vegna heilbrigðisþjónustu, hvað varðar gjaldtöku fyrir þau vottorð er tilgreind eru í ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 68/1996 (sbr. 12. gr. læknalaga, sem kveður á um skyldu lækna til að láta hinu opinbera í té vottorð um sjúklinga er þeir annast þegar slíkra vottorða er krafist vegna viðskipta sjúklinga við hið opinbera).

Gjöld fyrir vottorð lækna verða að mati Læknafélags Íslands aldrei felld undir skilgreiningu “þjónustugjöld stofnana” og er óskað eftir því að félagið fái að skýra afstöðu sína sérstaklega hvað þetta atriði varðar reynist þess þörf að mati heilbrigðis- og tryggingamálanefndar, með tilvísun til þess sem áður sagði um löglausa reglugerð heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins nr. 953/2001. Meðfylgjandi er afrit bréfs Umboðsmanns Alþingis til Læknafélags Íslands dags. 22. febrúar s.l. til upplýsinga.

Eðlilegt væri að skilgreina í greinargerð með ákvæðinu hver þau gjöld eru, sem ráðherra getur sett um gjaldskrá á grundvelli lagaheimildarinnar.

Virðingarfyllt
f.h. Læknafélags Íslands

Sigurbjörn Sveinsson
formaður

Póstáritun/Address: Hlíðasmára 8
IS-200 Kópavogur

Sími/Tel.: (354) 564 4100
Fax: (354) 564 4106

Kt.: 450269-2639
Netfang/e-mail: icemed@icemed.is